



## Málþing um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks

Mánudaginn 14. október 2013 á Grand hóteli

Þann 14. október stendur velferðarráðuneytið í samvinnu við Landssamtökin Þroskahjálp, innanríkisráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Öryrkjabandalag Íslands, fyrir málþingi um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks. Sjá nánar á [vef velferðarráðuneytis](#) þar sem jafnframt má nálgast skráningarform. Síðasti skráningardagur er mánudagurinn 7. október.

Á málþinginu verður leitast við að fá fram umræðu um málaflokkinn á breiðum grundvelli. Markmiðið er að þátttakendur deili hugmyndum og læri hver af öðrum. Þá verður leitast við að fá fram sjónarmið um það sem betur má fara og umræður um hvernig bregðast megi við og bæta úr.

Hægt verður að fylgjast með málþinginu í beinni útsendingu á vef ráðuneytisins þar sem upptökur frá þinginu verða einnig aðgengilegar.

### ÍMYND OG FRÆÐSLA

Í 8. gr. samnings SP um réttindi fatlaðs fólks er fjallað um vitundarvakningu og tekur E kafla framkvæmdaáætlunar mið af greininni.

### HEILBRIGÐI

25. gr. samningsins fjallar um réttinn til heilbrigðisþjónustu sem samsvarar D kafla framkvæmdaáætlunarinnar.

### ÞÁTTTAKA

Í 29. gr. samningsins er fjallað um þátttöku í stjórnámum og opinberu lífi. Í H kafla framkvæmdaáætlunarinnar er tekið á þessari grein en aðgerðir í kaflanum miða að því að auka þátttöku fatlaðs fólks, meðal annars á þessum sviðum.

### FÉLAGSLEG VERND/ SJÁLFSTÆTT LÍF

19. og 28. greinar samnings SP fjalla um réttinn til að lifa sjálfstæðu lífi sem og félagslega vernd. Ýmsar aðgerðir framkvæmdaáætlunarinnar snerta þessa þætti en C kaflinn er veigamestur varðandi þessi mál.